


FNJÓSKÁ 1990

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1991

VMST-N/91005X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Björn



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

FNJÓSKÁ 1990

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1991

VMST-N/91005X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

FNJÓSKA 1990

INNGANGUR

Athuganir á seiðastofnum Fnjóskár sumarið 1990 voru með svipuðu sniði og undanfarandi ár. Hinn 30. júlí var rafveitt á alls 10 stöðum víða um ána og var reynt að veiða á því sem næst sömu stöðum og áður, þótt ekki sé endilega veitt á öllum stöðunum ár hvert.

Í byrjun september var aftur rafveitt á tveimur stöðum til að afla sýna vegna stofnrannsóknarverkefnis. Þá var einnig rafveitt í tveimur litlum lænum sem einangrast frá ánni þegar lækkar í henni.

Veiðimenn voru duglegir að safna hreistursynum og alls bárust 88 syni sem er tiltölulega hátt hlutfall af heildarveiðinni. Í Fnjóská veiddust sumarið 1990 alls 121 laxar, þar af 55 eftir eitt ár í sjó. Þessi veiði er mun betri en búist var við á grundvelli seiðaathugana undanfarandi ára og eins sker smálaxaveiðin sig nokkuð úr miðað við almennt slaka smálaxaveiði í öðrum norðlenskum ám sumarið 1990.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Yfirlit yfir veiðistaði er gefið á Mynd 1 og niðurstöður rafveiða er að finna í Töflu 1 og Myndum 2 og 3. Fremur fá seiði voru aldursgreind og því er skipting aflans í aldurshópa ekki 100% áreiðanleg. Argangurinn úr klaki 1987 (3+ 1990) er enn ríkjandi í rafveiðunum og sum seiðanna voru í göngubúningi og það er ljóst að einhver hluti þessa árgangs hefur farið út s.l. sumar. Stór hluti árgangsins mun fara út vorið/sumarið 1991.

Argangurinn frá 1988 (2+ 1990) finnst einungis í neðri hluta árinna, fram að Veisuseli, og hvergi í miklu magni. Hinsvegar hefur næsti árgangur 1+ mun meiri útbreiðslu og finnst allt fram að Steinkirkju eins og stóri árgangurinn frá 1987. Ekki er hægt að gera sér fulla grein fyrir styrkleika þessa árgangs því veiðni seiðanna er í réttu hlutfalli við stærð þeirra. Mér sýnist flest benda til að framleiðsla laxagönguseiða í Fnjóská sé nú komin upp úr lögð undanfarandi ára og það er ekkert sem bendir til að hún muni aftur hrapa niður í lögð undanfarandi ára.

Sleppiseiði hafa verið notuð til að nýta framleiðslugetu svæða þar sem náttúrulega hryggningu hefur vantað eða hún verið ónóg. Engum seiðum var sleppt 1990 en seiði frá 1989 og 1988 dafna vel og mér sýnist reyndar að stærð sleppiseiða hafi aukist með hverju ári. Miðað við útbreiðslu seiða og stærð uppeldissvæða gætu seiðasleppingar staðið á bak við um 10-20% af heildargönguseiðaframleiðslu árinna.

Mikilvægi þeirra liggur fyrst og fremst í því að með þessu fæst betri trygging fyrir að lax gangi fram ána til hrygningar. Séu til seiði af stofni árinna mætti sleppa þeim seiðum fyrir framan Steinkirkju en gæta þess að dreifa þeim mjög vel. Eg myndi mæla með um 1 seiði á hverja tvo lengdarmetra við hvorn bakka.

Ekki er hægt að greina neinar ákveðnar breytingar í viðkomu bleikjustofnsins í þeim gögnum sem til eru. Þó má gera ráð fyrir að heldur dragi úr bleikjuveiði þegar laxveiðin eykst á ný. Bleikjan mun þó að líkindum ávalt verða mikilvæg fisktegund í Fnjóská.

Aldursgreining hreistursyna er tekin saman í Töflu 3 og sundurliðun er að finna á blöðum sem fylgja skýrslunni. Hátt hlutfall veiddra smálaxa eru greinilega laxar sem sloppið hafa úr kvíaeldi. Sumir þessara laxa hafa sloppið tiltölulega snemma á eldisferlinum og aðrir seinna. Því má búast við að ytri einkenni þeirra hafi verið breytileg, allt frá fallegum hraustum fiskum sem erfitt er að greina frá villtum laxi í dæmigerða kvíalaxa, afturmjóa með slitna ugga.

Oftast er nokkuð góð fylgni á milli fjölda veiddra smálaxa eitt árið og fjölda veiddra stórlaxa ári síðar. Ekki er víst að sú verði raunin nú þar sem svo stórt hlutfall veiddra smálaxa er fiskur úr kvíaeldi. Við höfum enga reynslu af hve stór hluti slíkra fiska kemur eftir tvö ár, né heldur hvar hann kemur. Að eldisfiskinum slepptum er hinsvegar greinileg uppsveifla í laxastofni Fnjóskár og við ættum að sjá upphaf hennar endurspeglast að einhverju leiti í veiðinni 1991.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Fnjóská 30. júlí og 2. sept 1990.

Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m²

Stöð nr	Stærð m	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss
1a	60x8	-	1.7	-	-	-	-
3	40x8	-	-	-	1.6	-	-
4	50x6	-	-	-	-	-	1.0
5	20x10	1.5	-	-	-	1.0	-
7a	50x6	3.7	1.3	-	-	0.7	-
8	40x8	-	-	-	-	2.2	-
9	35x10	0.7	-	3.7	-	17.3	-
10a	20x30	0.2	-	0.3	-	3.5	-
11	55x6	-	-	0.3	-	4.5	-
12	55x6	0.6	-	13.6	-	14.2	-

Tafla 2. Fjöldi veiddra bleikjuseiða eftir aldri í Fnjóská 30. júlí 1990.


Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m²

Stöð nr	Stærð m	0+	1+	2+
1a	60x8	0.4	1.0	0.2
3	40x8	0.3	1.6	0.9
4	50x6	3.0	3.7	1.3
5	20x10	1.5	3.5	2.5
7a	50x6	3.7	0.3	1.0
8	40x8	0.6	3.7	0.6
9	35x10	1.7	3.4	0.3
10a	20x30	1.7	2.7	0.5
11	55x6	1.8	4.5	0.3
12	55x6	0.6	0.9	0.6


Tafla 3. Aldursgreining hreistursýna af löxum veiddum í Fnjóská 1990.

Aldur í ferskv ár	fj	Aldur í sjó		fj	%
		1 ár	2 ár		
3	7	17	10	22	
4	13	32	22	48	
5	3	7	9	20	
6	—	—	1	2	
eldi	18	44	2	4	
Aður hrygnt	—	—	2	4	
Samtals	41	100	46	100	

Olæsilegt. 1 syni með tveggja ára sjávardvöl.




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fnjóská



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská í júlí og september 1990. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.

FJÖLDI



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská í júlí 1990. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Frjóska
Sendandi: Stangveiðifélagið
Flúðir

Fisktegund: lax
Fjöldi sýna: 88
Veidiár: 1990

Númer	Veiddidagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	19.06	♂	87	7.0	5+	2+	Matarreyri
2	20.06	♀	82	6.0	4+	2+	Rauðhyllur
3	"	♂	78	5.0	4+	2+	Matarreyri
4	"	♀	80	4.5	4+	2+	"
5	21.06	♀	55	2.0	elkistax		Neðri - Lokjónvik
6	22.06	♀	75	5.5	4+	2+	Matarreyri
7	23.06		82	6.0	3+	2+	"
8	"	♀	81	5.2	4+	2+	"
9	25.06	♂	91	7.5	4+	2+	"
10	"	♀	70	3.5	3+	2+	"
11	"	♀	86	7.0	4+	2 ^h 1+	"
12	"	♂	82	6.0	5+	2+	Hristabreidda
13	"	♀	84	6.5	4+	2+	Rauðhyllur
14	26.06	♀	79	5.5	5+	2+	Matarreyri
15	27.06	♀	83	6.5	5+	2+	"
16	"	♀	74	5.0	5+	2+	Rauðhyllur
17	"	♀	77	5.0	4+	2+	Skúlskeið
18	29.06	♀	79	6.3	6+	2+	"
19	30.06	♀	75	4.5	4+	2+	Matarreyri
20	03.07	♀	85	6.0	5+	2+	Kolbeinspollur
21	"	♀	77	5.5	5+	2+	Skúlskeið
22	"	♂	87	7.5	elkistax		Matarreyri
23	04.07	♀	87	6.1	3+	2 ^h 55	"
24	"	♀	40	2.8	elkistax		"
25	05.07	♀	88	7.5	95	2+	Björghorn
26	09.07	♂	91	7.5	4+	2+	Rauðhyllur
27	10.07	♀	60	2.6	elkistax		
28	12.07	♂	62	2.5	elkistax		No 3
29	"	♀	58	2.0	elkistax		No 9
30	14.07	♂	92	8.5	4+	2+	Böðvarnes
31	15.07	♀	66	3.0	4+	2+	Matarreyri
32	"	♂	60	2.5	3+	1 ^h 55	"

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTEÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Frjóstá
 Sendandi: Marqueisfélagid
Flúðir

Fisktegund: Lax
 Fjöldi sýna: 88
 Veidiár: 1990

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
33	15.07	♀	57	2.0	elðislax		Nedra-Lokjan
34	16.07	♂	87	7.5	5+	2+	Skirgudisbreiða
35	"	♂	84	6.0	3+	2+	Malareyni
36	"	♀	55	2.5	elðislax		"
37	"	♀	77	5.0	3+	2+	"
38	19.07	♀	84	6.7	4+	2+	Bakkahyllur
39	"	♀	78	5.5	3+	2+	"
40	21.07	♀	89	7.0	4+	2+	Malareyni
41	23.07	♀	83	6.0	4+	2+	Böðvarnes
42	25.07	♂	58	2.0	4+	1+	Efra-Lokjan
43	"	♂	56	2.0	3+	1+	No 37
44	"	♀	72	3.5	3+	2+	Skirgudisþjup
45	26.07	♀	47	1.5	elðislax		No 4
46	27.07	♂	57	2.0	elðislax		Kolbeinspollur
47	29.07	♂	67	3.0	3+	1+ ss	Skirgudisþjup
48	"	♂	54	2.0	elðislax		Þjarghorn
49	31.07	♀	82	5.5	4+	2+	
50	"	♀	76	5.0	4+	2+	
51	01.08	♀	91	7.0	3+	2+	No 39
52	"	♂	48	1.2	4+	1+	No 37
53	02.08	♂	86	6.0	4+	2+	Ferjubakki
54	"	♂	65	2.5	3+	1+	Þjarghorn
55	"	♀	53	2.0	3+	1+	Malareyni
56	"	♀	89	7.0	3+	2+ ss	Böðvarnes
57	"	♂	57	2.0	4+	1+	Ferjubakki
58	07.08	♀	76	5.5	4+	2+	Skirgudisþjup
59	"	♂	61	2.5	elðislax		"
60	11.08	♂	90	6.0	4+	2+	Vatnsleypuþjup
61	"	♀	84	4.5	3+	2+ ss	Vatnsleypuþjup
62	"	♂	55	1.5	4+	1+	
63	12.08		78	5.0	4+ 1+ hr	1+	Böðvarnesþjup
64	"	♂	65	4.0	elðislax		Kolbeinspollur

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Veidārs: 1990

[illegible]